



15. – 21. febrúar 2016

Bóka- og bíóhátíð barnanna

Í tilefni af menningarhátíðinni, Bóka- og bíóhátíð barnanna, unnu nemendur í 2. ARP verkefni út frá fyrstu bók Hafnfirðingsins Guðrúnar Helgadóttur. Fyrsta bók hennar er um hina uppátækjasömu tvíburabæður Jón Odd og Jón Bjarna sem kom út árið 1974 og urðu bækurnar þrjár um þá bræður.



Börnin teiknuðu hugarkort um þessa skemmtilegu sögu þar sem þau töldu allt upp sem þau vissu um söguna ásamt því að læra ýmislegt um bakgrunn hennar.



Krakkarnir enduðu svo á því að horfa á kvikmyndina Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Þráinn Bertelsson sem er byggð á sögu bókanna.



Þetta var skapandi, skemmtilegt og fræðandi verkefni um samspil bókmennta og kvikmynda. Verkefnið var innblásið af frábærri menningarhátíð sem Hafnarfjarðarbær stendur fyrir.